

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um jafnréttisáætlun og skipan í stöður.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hefur verið skipað í margar stöður á vegum ráðuneytisins frá árinu 1999?
2. Hvað voru skipaðar margar konur og hve margir karlar á umræddu tímabili?
3. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins, hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði og hvernig skiptast þeir eftir kyni?
4. Gilda sérstakar reglur um hlutföll kynjanna við skipan í stöður á vegum ráðuneytisins og ef svo er, hvaða reglur?
5. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og ef svo er, hvað hefur verið gert til að fylgja þeirri áætlun eftir?

Skriflegt svar óskast.